

AUGLÝSING

um skipulag í Garðahreppi.

151

18. ágúst

Eftir tillögu skipulagsstjóra ríkisins og með samþykki hreppsnefndar Garðahrepps hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55 frá 1921 ákveðið, að lög nr. 55 frá 27. júní 1921 skuli taka til byggingarlóða í Garðahreppi meðfram Hafnarfjarðarvegi, milli Kópavogshrepps og Hafnarfjarðar, svo og til byggingarlóða í sama hreppi meðfram Keflavíkurvegi, milli Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandarhrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Siglufjarðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði.

152

19. ágúst

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefur bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði, en það eru eftirtaldar lóðir og fasteignir:

Staðarhólsland, eign Svövu Hjaltalín.

Lóð og fasteignir Ásgeirs Péturssonar h.f., nr. 15, 17 og 19 við Snorragötu.

Lóðir og fasteignir Samvinnufélags Ísafjarðar, við Snorragötu (nr. 11, 13).

Lóðir og fasteignir Njarðar h.f., við Snorragötu (nr. 9).

Lóðir og fasteignir Skafta Stefánssonar, við Snorragötu (nr. 7).

Lóðir og fasteignir Óskars Halldórssonar h.f., Ólagötu 6.

Lóðir og fasteignir Sunnu h.f., Ólagötu (nr. 1, 2, 3, 4).

Helgareitur, Gránugötu 25, við Gránug., V. Friðjónsson.

Friðleifsreitir við Gránugötu, lóð og fasteignir, eigendur Þ. Sigurðsson og Anna Vilhjálmsdóttir.

Hjaltalínsreitir 1 og 2, við Gránugötu, eig. J. Hjaltalín.

Kveldúlfssreitir við Gránugötu, eig. Kaupfélag Siglufirðinga.

Halldórsreitir við Gránugötu, eig. d.b. Halldórs Jónssonar.

Hjaltareitur við Tjarnargötu, eig. Hafliði h.f.

Ragnarsreitir 1 og 2 við Tjarnargötu, eig. Ólafur Ragnars.

Búðarreitur við Tjarnargötu, eig. Hinrik Thorarensen.

Hinriksreitir við Tjarnargötu, eig. Olaf Henreksen.

Ásgeirsreitir við Tjarnargötu, eig. Guðrún, Erna, Halldóra Óskarsdætur.

Þormódsreitir 1, eig. s.f. Jarlinn.

Þormódsreitir 2, eig. h.f. Hrímnir.

Hvanneyrarkrókur, eig. h.f. Shell og d.b. Alfons Jónssonar.

- 152** Útgerðarstöðin Bakki við Hvanneyrarbakka, eig. Vigfús Friðjónsson.
19. ágúst Kamsbreitur og
Lúðviksreitur nr. 1 og 2, eig. Óliuverzlun Íslands.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. september 1953 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. ágúst 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjalmar Vilhjálmsson.

- 153**
26. ágúst

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Patrekshrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt, svo og á Patrekshöfn.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu. Hreppsnefnd hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir með hreppsreikningum ár hvert.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um kaupúnið svo víða sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra eða stofnæðar eldri vatnsveitna, sem fyrir eru, liggja að eða eru í námunda við. Vatnsveitan sjái um viðhald og endurbætur á stofnæðum hinna eldri vatnsveitna, sem tengdar verða við hina nýju vatnslögn. Jafnframt verða öll þau hús, sem þannig tengjast vatnsveitunni, gjaldskyld samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. 7. gr. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Patrekshrepps, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um.

5. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna, og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

6. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo óþrifum valdi eða vanrækja að annast nauðsynlegt viðhald á pípum sínum og tækjum, sem við þær eru tengd. Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna, nema með sérstökum samningi við hreppsnefndina, einnig er óheimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis hreppsnefndar eða þess aðila, sem hreppsnefndin felur slökkvistarf